

verkefni. Ég minni á að um þróunarverkefni er að ræða sem getur tekið breytingum á verkefnatímanum og allar ábendingar eru vel þegnar. Einnig munum við á skrifstofunni veita allar frekari upplýsingar og vera ykkur til leiðbeiningar í þessu mikilvæga verkefni þar sem þið íbúar gegnið lykilhlutverki.

#### Útsvar

Nú á haustdögum var Þingeyjarsveit í fyrsta skipti boðið að taka þátt í hinum sívinsæla spurningaleik Útsvari á RÚV. Við verðum að sjálfsgöðu með og munum senda einvalalið fyrir hönd sveitarfélagsins. Liðið skipa þau Sigurbjörn Árni Arngrímsson, skólameistari, Hanna Sigrún Helgadóttir, kennari og Þorgrímur Daníelsson, sóknarprestur. Ég óska þeim góðs gengis, hlakka til að fylgjast með þeim keppa fyrir okkar hönd og efast ekki um að þau eigi eftir að verða okkur til mikils sóma.

#### Viðtalstímar

Ég og oddviti áætlu að bjóða uppá viðtalstíma víðsvegar um sveitarfélagið nú fyrir áramótin. Ég mun auglýsa þá viðtalstíma sérstaklega hverju sinni og ég hvet ykkur til að nýta þessa tíma, koma ykkar sjónarmiðum á framfæri sem og upplýsa okkur um eitt og annað.

#### Starfsmannamál

Töluverðar breytingar hafa átt sér stað í starfsmannamálum á skrifstofu sveitarfélagsins. Gísli Sigurðsson hóf störf sem skrifstofustjóri þann 1. júní s.l. og tók við af Gerði Sigtryggisdóttur. Jónas Halldór Friðriksson hóf störf sem umsjónarmaður fasteigna og framkvæmda þann 1. júlí s.l. og tók við af Ingólfi Péturssyni.

Íris Bjarnadóttir hóf störf sem forstöðumaður sundlaugarinnar á Laugum þann 1. september s.l. og tók við af Elínu Eyðisi Friðriksdóttur.

Ég býð Gísla, Jónas og Írisi velkomin til starfa og þakka um leið Gerði, Ingólfi og Elínu fyrir gott samstarf.

Hér hef ég rétt tæpt á nokkrum málum sem vonandi hefur gefið ykkur innsýn í hluta af þeim verkefnum sem við erum að fást við. Ég óska ykkur alls hins besta, njótið haustsins og vona ég að veturinn verði ykkur mildur og góður.

Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri.

# NORÐLENSKA

## SLÁTURSALA 2016

**Slátursala hefst fimmtudaginn 22.september  
og lýkur föstudaginn 9.október.**

**Opnunartími er frá: 10:00 > 12:00 og 13:00 > 17:00**  
**Alla virka daga**

Mörbrytjun er í boði á þriðjudögum og fimmtudögum.  
**Nauðsynlegt er að panta brytjun deginum áður.**

**Mjög áriðandi er að vörur séu pantaðar fyrir-  
fram  
til að tryggja hraða og góða afgreiðslu**

**Sími í slátursölu: 460-8897**

**Hollur og góður matur á góðu verði**

**Geymið auglýsinguna**



## Snjómokstur

Pingeyjarsveit óskar eftir umsóknum um umsjón snjómoksturs á heimreiðum. Sveitarfélagið býður upp á heimreiðamokstur allt að tvisvar sinnum í viku. Snjómoksturssvæðum er skipt upp í þrettán svæði og óskað er eftir aðilum til að taka að sér umsjón með hverju svæði fyrir sig.

### Hæfniskröfur:

- Þekking og reynsla af snjómokstri skilyrði
- Góð staðarþekking
- Góð samskiptahæfni
- Rík þjónustulund
- Öflugur og góður tækjakostur

### Svæðin eru sem hér segir:

#### Svæði 1

Sandar í Aðaldal. Frá Sílalæk að Árbót.

#### Svæði 2

Frá Tjörn að Jónasarvelli og Húsabakka að Jódísarstöðum og Vaði 1 og 2.

#### Svæði 3

Frá Hraunbæ í norðri að Fagraneskoti austan við veg. Frá Ytra-fjalli vestan við veg að Vallakoti.

#### Svæði 4

Laxárdalur.

#### Svæði 5

Reykjadalur fyrir utan Laugar þéttbýli. Frá Einarstöðum og Halldórsstöðum að Hallbjarnarstöðum að meðtöldum Kvígindisdal.

### Bréf til íbúa Pingeyjarsveitar

#### Kæru íbúar.

Sumarið er á enda og haustið gengið í garð. Með þessu bréfi langar mig til að upplýsa ykkur um eitt og annað sem hefur verið í gangi og framundan er hjá okkur í sveitarfélaginu.

#### Ljósleiðarinn


Lagning ljósleiðara í sveitarfélaginu er komin vel á veg en í framhaldi af útboði sem fram fór fyrr á árinu var gengið til samninga við Tengi hf. um verkefnið. Tilboð Tengis hf. hljóðaði upp á 180 m.kr. og munu þeir eiga og reka ljósleiðarakerfið. Fjórir íbúafundir voru haldnir í vor þar sem verkefnið var kynnt. Um er að ræða þrjá áfanga á næstu þremur árum og samkvæmt því verður búið að ljósleiðaravæða sveitarfélagið fyrir lok árs 2018. Alls eru þetta um 250 tengingar sem skilgreindar eru utan markaðssvæða og greiðir hver íbúi 200 þ.kr. (án VSK) fyrir tenginguna inn í hús.

Sveitarfélagið sótti um styrk úr Fjarskiptasjóði fyrir fyrsta áfanga verkefnisins og fengum við 73,5 m.kr. Við munum svo sækja um á næsta ári fyrir annan áfanga. Framkvæmdir ganga afar vel, verið er að plægja niður stofnstrenginn fyrir þær 150 tengingar sem tilheyra fyrsta áfanga og nú þegar er um 80% af plægingu þess áfanga lokið. Þátttaka íbúa hefur verið mjög góð enda er hér um tímamótaverkefni að ræða sem mun hafa afar jákvæð áhrif hvað varðar lífsgæði og búsetuskilyrði í okkar sveitarfélagi.

#### Sorpmál

Breytingar voru boðaðar í sorphirðu á síðasta ári. Í ársbyrjun voru sendir út kynningarbæklingar til íbúa og í framhaldinu haldnir fjórir íbúafundir og verkefnið kynnt. Stefnt var að því að tunnum yrði dreift á heimili í júní en þar sem afgreiðsla á sorptunnum frá framleiðanda, til Gámaþjónustunnar seinkaði, dróst tunnudreifingin um tvo mánuði. Reiknað er með að sorptunnur verði komnar á öll heimili í lok þessarar viku og sorphreinsun hefjist 20. og 21. september í Reykjadal, Aðaldal og nágrenni en 27. og 28. september í Kinn, Bárðardal, Fnjóskadal og nágrenni. Í framhaldinu verður gefið út sorphirðudagatal sem segir til um hvaða daga tunnur á hverju svæði verða tæmdar. Við stefnum svo á að fækka opnum gámasvæðum en höldum nokkrum eftir til þess að þjónusta íbúa þar til gá mavöllurinn okkar verður tilbúinn. Reiknað er með að taka gá mavöllinn í notkun fyrir áramót. Þetta mun ég auglýsa sérstaklega þegar þar að kemur.

Mig lagnar að þakka ykkur fyrir jákvæð viðbrögð og sérstaklega ánægjulegt að heyra og sjá hvað þið eruð tilbúin að takast á við þetta



## Æðruleysismessa

Sunnudaginn 25. September kl: 14:00 verður haldin æðruleysismessa í Grenjaðarstaðarkirkju Falleg tónlist, 12 sporin, vitnisburður og hugvekja Elvar Bragason hefur umsjón með messunni Sr. Þorgrímur Daníelsson þjónar fyrir altari

Fjölmönnum og eigum notalega stund saman.

### Kæru lesendur og auglýsendur

Hlaupastelpan kemur út á miðvikudögum og auglýsingum þarf því að skila á mánudögum

**fyrir kl. 15:00. 😊**

Verð hálfíðu er  
Verð heilíðu er

kr.3.200.-m.vsk  
kr.4.300.- m.vsk

*[hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is)—895-3386*

### Svæði 6

Stafnshverfi.

### Svæði 7

Laugar þéttbýli.

### Svæði 8

Kaldakinn. Frá Björgum að Gvendarstöðum.

### Svæði 9

Kaldakinn. Frá Hlíð að Lækjamóti auk Hriflu.

### Svæði 10

Frá Stórutjörnum í vestur að allan Fnjóskadal.

### Svæði 11

Frá Arnstapa að Fljótsheiði og að Sigurðarstöðum í Bárðardal. Að austan og frá Öxará að Sandhaugum að vestan.

### Svæði 12

Bárðardalur að austan frá Lundabrekku, upp í Engidal og að Svaráarkoti.

### Svæði 13

Bárðardalur að vestan frá Kiðagili að Mýri.

Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband við skrifstofu þar sem nánari upplýsingar varðandi verklagsreglur, greiðslufyrirkomulag ásamt svæðaskiptingu verða veittar. Einnig verður hægt að nálgast sérstakt umsóknareyðublað fyrir snjómokstur á skrifstofu sveitarfélagsins eða í gegnum netfang.

Umsóknarfrestur er til og með 30. september og er stefnt á að úthlutun svæða verði lokið mánudaginn 10. október.

Jónas Halldór Friðriksson  
umsjónarmaður fasteigna og framkvæmda  
s. 866-8843  
[jonas@thingeyjarsveit.is](mailto:jonas@thingeyjarsveit.is)



## Styrkir til lista- og menningarstarfs og íþróttá og æskulýðsstarfs

### Styrkir til lista- og menningarstarfs

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna lista- og menningarstarfs á árinu 2016. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki.

Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða á netfangið heida@thingeyjarsveit.is í síðasta lagi **10. október n.k.**

### Styrkir til íþróttá og æskulýðsstarfs

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna íþróttá og æskulýðsstarfs á árinu 2016. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki.

Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða á netfangið heida@thingeyjarsveit.is í síðasta lagi **10. október n.k.**

Ath. minnum styrkþega 2015 á að skilað inn greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár.

Félags- og menningarmálanefnd  
Þingeyjarsveitar

38. tbl.  
21. sept  
2016

## Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386



# // GUÐNI BRAGASON //

# XL

## Útgáfutónleikar

### Ýdalir

1. október

kl. 21:00



Miðaverð 2.500,-